

Ed.

664. Frumvarp til laga

[367. mál]

um frídag sjómanna.

Flm.: Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Fyrsti sunnudagur í júnímánuði ár hvert skal vera almennur frídagur íslenskra sjómanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslenskir sjómenn helguðu sér fyrir allmörgum áratugum fyrsta sunnudag í júní og gerðu að sérstökum hátíðisdegi sínum. Þessi dagur hefur hins vegar ekki verið lögskipaður frídagur sjómanna og því hefur hann ekki verið almennur frídagur stéttarinnar.

Það hefur lengi verið baráttumál sjómanna að dagurinn yrði lögskipaður frídagur. Málinu var hreyft á Alþingi í fyrra með fyrirspurn til sjávarútvegsráðherra um það hvort hann hygðist beita sér fyrir því að sjómannadagurinn yrði lögskipaður frídagur og að það gerðist á yfirstandandi þingi. Í svari sínu sagði sjávarútvegsráðherra m.a. orðrétt: „Ég hef þrátt fyrir mínar yfirlýsingar ekki viljað beita mér fyrir því á þessu þingi að svo verði, en tel hins vegar sjálfsagt að taka það upp á næsta þingi, enda er stutt eftir af þessu þingi og ekki öruggt að slíkt mál næði hér fram að ganga nema mjög góð samstaða væri um það.“

Nú eru aðeins eftir fjórar vikur af þingi og senn úti sá frestur er þingmenn hafa samkvæmt þingskapalögum til að leggja fram ný mál án þess að afbrigði séu veitt. Ekki bólar á frumvarpi til laga um þetta efni frá ríkisstjórninni og því er þetta frumvarp flutt.